

Nr. 15

11. des. 1972

HRÁEFNI TIL FISKIÐNÁÐAR

GRÁLÚÐA

Grálúðan er yfirleitt 70-80 cm á lengd og um eða yfir 5 kg á þyngd. Hún er lík flyðrunni í vexti. Liturinn er dökkgrár, eða rauðgrár á efri hliðinni og ljós-rauðgrár eða bronslitaður á neðri (blindu) hliðinni.

Grálúðan er djúpfiskur. Hún er algeng hér við land á djúpsævi og í ísköldum sjó. Hún heldur sig mest á leirbotni og lifir einkum á krabbadýrum og fiski, t.d. loðnu.

Efnagreining á grálúðu

Til efnagreiningar var tekin grálúða, sem veiddist í byrjun októbermánaðar. Hún var 5080 g á þyngd.

Grálúðan var hausskorin, flökuð og roðflett og rafabelti látið fylgja flökunum.

Skiptingin var þannig:

Flök m/rafabelti	53.1%
Þunnildi	9.5%
Roð	8.5%
Haus	12.2%
Annar úrgangur	16.7%
Samtals:	100.0%

Hver hluti fyrir sig var efnagreindur, nema þunnildi og roð voru efnagreind sameiginlega.

	Protein %	Fita %	Salt %	Vatn %	Aska %
Flök m/rafabelti	12.9	11.8	0.2	75.3	1.0
Þunnildi + roð	12.0	30.6	0.2	57.1	1.0
Haus	12.0	26.1	0.3	58.9	2.4
Annar úrgangur	11.1	26.6	0.2	60.3	2.0

	Protein %	Fita %	Salt %	Vatn %	Aska %
Flök m/rafabelti	12.9	11.8	0.2	75.3	1.0
Úrgangur	11.7	28.0	0.2	58.7	1.7
Grálúðan öll	12.3	19.4	0.2	67.5	1.3

Efnagreining á grálúðumjöli

Til efnagreiningar voru tekin 6 sýnishorn af grálúðumjöli, sem framleitt var af mismunandi verksmiðjum.

Merking	Protein %	Fita %	Salt %	Vatn %	Aska (saltlaus) %
I	58.6	13.6	1.0	8.0	18.4
II	61.9	9.0	4.0	8.0	17.2
III	59.5	14.8	1.0	8.0	16.3
IV	60.5	11.5	3.3	8.0	16.0
V	62.8	10.8	1.8	8.0	16.8
VI	59.2	13.1	0.9	8.0	18.4

Í grálúðumjöli er mun minna af eggjahvítuefnum en í síldarmjöli eða loðnumjöli. Að efnainnihaldi líkist það mest karfamjöli, en er yfirleitt mun dekkra á litinn.

Efnagreining á fitu úr grálúðumjöli

Rannsókuð var fitan úr þessum 6 sýnishornum af grálúðumjöli og gerður samanburður á henni og grálúðulýsi. Fitunni var náð með eter.

Merking	Óbundnar fitusýrur %	Ósápan- legt %	Sápu- tala	Joðtala (Hanus)	Brottala við 40°C (Refractive Index)	Fita í mjöli %
I	7.6	4.63	174.0	87.7	1.466	13.6
II	5.2	6.35	168.6	87.4	1.469	9.0
III	6.5	5.30	186.2	87.8	1.467	14.8
IV	19.4	5.54	181.4	87.1	1.469	11.5
V	5.4	6.39	182.7	86.5	1.467	10.8
VI	6.6	5.61	171.3	82.5	1.463	13.1

Efnagreining á grálúðulýsi

Til efnagreiningar voru tekin 4 sýnishorn af grálúðulýsi, sem framleitt var af mismunandi verksmiðjum.

Óbundnar fitusýrur %	Ósápanlegt %	Sáputala	Joðtala (Hanus)	Brottala við 40°C (Refractive Index)
0.58	0.90	188.1	96.4	1.4646
2.40	0.96	186.8	100.8	1.4650
1.52	0.76	186.4	92.1	1.4645
4.45	0.70	187.0	96.9	1.4645

Eðlisþyngd grálúðulýsis við 20°C 0.9123

Grálúðulýsi er snautt af A og D vitaminum og líkist mjög loðnulýsi.

Júlíus Guðmundsson.